

STARFSMANNASTEFNA
LEIKSKÓLA REYKJAVÍKUR



S T A R F S M A N N A S T E F N A



Starfsmannastefna Leikskóla Reykjavíkur leggur grunn að jákvæðu og lærdómsríku starfsumhverfi þar sem virðing fyrir hverjum einstaklingi er í fyrirrúmi. Starfsmannastefnan skal vera til hvatningar og upplýsingar fyrir alla starfsmenn Leikskóla Reykjavíkur. Hún lýsir vilja Leikskóla Reykjavíkur til að vera góður vinnustaður, þar sem gott starf er unnið af áhugasömu, samstilltu og ábyrgu fólki.

Áhersla er lögð á liðsheild og jákvæðan starfsanda og að starfsfólk Leikskóla Reykjavíkur njóti sín í starfi og eigi möguleika á að auka þekkingu sína og færni.

Starfsþróunardeild Leikskóla Reykjavíkur hefur umsjón með að allir þættir starfsmannastefnunnar séu virkir og framkvæmd hvers þáttar sé stjórnendum og starfsmönnum ljós. Hún hefur jafnframt frumkvæði að stefnumörkun á sviði starfsmannamála og gætir samræmis í hagsmunum stofnunarinnar og starfsmanna. Á starfsþróunardeild eru veittar upplýsingar og ráðgjöf um málefni er varða starfsmannastjórnun. Fylgst er með að verklagsreglur sem hafðar eru til hlíðsjónar í starfsmannastjórnun séu virkar.

Í starfsmannastefnu Reykjavíkurborgar er leiðarvísir um þætti sem ekki eru tilgreindir sérstaklega í starfsmannastefnu Leikskóla Reykjavíkur.

STJÓRNUN OG SAMSKIPTI

Leikskólar Reykjavíkur vilja stuðla að góðum starfsanda, þar sem samskipti einkennast af trausti, trúnaði og hreinskilni. Lögð er áhersla á faglega stjórnun sem stuðlar að skipulögðum og góðum vinnubrögðum, samábyrgð og starfsánægju starfsmanna. Áhersla er lögð á að markvisst sé brugðist við ef grunur leikur á áreitni eða einelti á vinnustað. Stjórnendur vinna markvisst að því að hlúa að og efla þekkingu og færni starfsmanna með áætlunum um starfsþróun. Vandað er til nýráðninga og áhersla lögð á að hafa í starfi traust, áhugasamt og hæfileikaríkt starfsfólk.

STARFSAUGLÝSINGAR OG STARFSRÁÐNINGAR

Laus störf eru auglýst í viðeigandi fjölmiðlum og á heimasíðu Leikskóla Reykjavíkur. Starfsfólk er einnig hvatt til að benda á hæfa umsækjendur. Lögð er áhersla á að velja hæfasta umsækjandann með tilliti til menntunar, reynslu og með hliðsjón af starfslýsingu, starfskröfum og starfsumhverfi. Gengið er frá ráðningu með formlegum hætti með gerð ráðningarsamnings.

STARFSLÝSINGAR

Til eru starfslýsingar fyrir öll störf hjá Leikskólum Reykjavíkur. Ekki er ráðið í starf nema fyrir liggi starfslýsing og umsækjandi hafi kynnt sér hana. Starfslýsingar taka breytingum samhliða þróun starfa.

MÓTTAKA OG ÞJÁLFUN

Stjórnendur sjá til þess að nýráðnir starfsmenn kynnist starfinu, starfsvenjum, samstarfsfólki og skipulagi samkvæmt móttökuáætlun. Þannig er nýjum starfsmönnum gert betur kleift að ná tókum á starfinu og falla í hópinn. Nýráðnum starfsmönnum er boðið á nýliðafræðslu um grunnþætti starfsins og kynningu á starfsemi Leikskóla Reykjavíkur.

UPPLÝSINGAMIÐLUN

Unnið er markvisst að opnum samskiptum og þróun gagnkvæmrar upplýsingamiðlunar milli allra starfsmanna og starfseininga. Upplýsingar um stefnu og starfsemi Leikskóla Reykjavíkur eru ávallt aðgengilegar starfsmönnum og áhersla er lögð á samráð stjórnenda og starfsmanna við ákvörðunartök sem snerta starfsemina.

STARFSVIÐTÖL

Lögð er áhersla á að stjórnendur taki árlega starfsviðtöl við alla starfsmenn. Starfsviðtöl eiga að skapa og viðhalda trausti milli stjórnenda og starfsmanna. Þau skulu jafnframt vera vettvangur umræðna um starfið, starfsumhverfi, símenntunaráætlun og frekari starfsþróun starfsmanna.

SÍMENNTUN OG STARFSÞRÓUN

Leikskólar Reykjavíkur veita starfsmönnum tækifæri til að efla þekkingu og færni í starfi. Árlega er gerð fræðslugreining í framhaldi af starfsviðtölum og öll skipulagning fræðslu byggir á þörf einstakra starfsmanna og starfshópa. Fjölbreytt fræðsludagskrá er skipulögð á vegum stofnunarinnar árlega en fræðslan fer einnig fram með ýmsum hætti í leikskólunum. Fræðsludagskrá Leikskóla Reykjavíkur er gefin út í Námsvísi á hverju hausti.

HEILSUEFLING OG VINNUVERND

Lögð er áhersla á að tryggja góða vinnuaðstöðu fyrir starfsmenn og að allur aðbúnaður sé eins og best verður á kosið. Unnið er samkvæmt áherslum á sviði vinnuverndar sem eiga að stuðla að vellíðan starfsmanna. Starfandi er öryggisnefnd með fulltrúum stjórnenda og starfsmanna. Starfsmenn eru hvattir til að leggja rækt við eigin heilsu. Stofnunin er reyklus vinnustaður og án vímuefna af öllu tagi.

HANDLEIÐSLA Í STARFI

Áhersla er lögð á starfstengda handleiðslu meðal starfsmanna í leikskólum. Með aukinni færni á því sviði getur fagfólk með sérþekkingu veitt starfsfélögum sínum formlega handleiðslu og á þann hátt aukið þekkingu þeirra og styrk í starfi. Jafnframt er lögð áhersla á að stjórnendur eigi möguleika á handleiðslu til að öðlast meira öryggi og þekkingu í stjórnun.

STARFIÐ OG FJÖLSKYLDAN

Lögð er áhersla á fjölskylduvænt starfsumhverfi sem auðveldar starfsmönnum að samræma kröfur starfs og fjölskyldulífs. Tekið er tillit til fjölskylduábyrgðar starfsmanna án tillits til aldurs, kyns og þess hvaða stöðu þeir gegna. Möguleikar eru á tímabundinni lækkun starfshlutfalls og sveigjanlegum vinnutíma vegna sérstakra aðstæðna eftir því sem aðstæður leyfa.

JAFNRÉTTI

Jafnrétti er haft í heiðri hjá Leikskólum Reykjavíkur og starfsmönnum ekki mismunað vegna kynferðis, kynþáttar, aldurs, stjórn-málaskoðana, trúarskoðana eða annarra ástæðna. Jafnréttisnefnd er virk í starfi og hefur það hlutverk að móta starfsáætlun í jafnréttis-málum og stuðla að kynningu og umræðu um markmið hennar.

STARFSHVATNING

Lögð er áhersla á að stjórnendum sé ljóst mikilvægi starfshvatningar og þeir veiti starfsfólki endurgjöf á frammistöðu. Getur hún m.a. falist í frekari starfsþróun og aukinni ábyrgð starfsmanns eða að vekja athygli annarra á því sem vel er gert. Það er einnig hlutverk sérhvers starfsmanns að koma auga á vel unnin störf samstarfsmanna sinna og spara hvorki hvatningu né hrós.

STARFSLOK

Reynt er að koma til móts við óskir þeirra sem vilja lækka starfshlutfall sitt þegar starfslok vegna aldurs nálgast. Þegar fastráðinn starfsmaður lætur af störfum hjá Leikskólum Reykjavíkur er mikilvægt að hann sé kvaddur á viðeigandi hátt. Einnig er gert ráð fyrir kveðjuviðtali við hann en með því gefst tækifæri til að draga lærdóm af reynslu hans.

STARFSMANNAKANNANIR

Með reglubundnum hætti er leitast við að meta árangur starfsmanna-stefnu Leikskóla Reykjavíkur. Viðhorfskannanir meðal starfsmanna eru framkvæmdar reglulega til að fá álit þeirra á ýmsum þáttum í vinnuumhverfinu og meta hvernig til hefur tekist við að ná þeim markmiðum sem stefnt er að.

